



Afsláttur til tekjulágra elli-og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti á árinu 2017

Með stoð í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, gildir eftirfarandi um niðurfellingu/lækkun fasteignaskatta hjá tekjulágum elli-og örorkulífeyrisþegum af eigin íbúð á árinu 2017:

Þeir sem eru á tekjubili milli neðangreindra fjárhæða fá hlutfallslegan afslátt miðað við viðmiðunartekjur:

Einstaklingar	Hjón	Afsláttur
3.360.000	4.425.665	100%
4.425.665	5.829.318	0%

Reglur um lækkun/niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli-og örorkulífeyrisþega.

Rétt til lækkunar/niðurfellingar fasteignaskatts eiga ellilífeyrisþegar (67 ára og eldri) og öryrkjar sem úrskurðaðir eru með 75% örorku eða meira.

Veittur er afsláttur eftir tekjum viðkomandi. Bæjarráð ákvarðar tekjuviðmið fyrir einhleypa og hjón/sambýlisfólk í nóvember ár hvert um leið og gengið er frá gjaldskrá sveitarfélagsins fyrir næsta ár.

Ákvörðun um lækkun fasteignaskatts miðast við tekjur síðasta árs samkvæmt skattframtali. Öryrkjar eiga rétt á lækkun sama ár og þeir eru úrskurðaðir öryrkjar og örorkumat er lagt fram og ellilífeyrisþegar frá því almanaksári að þeir ná 67 ára aldri.

Skilyrði til lækkunar er að umsækjandi sé þinglýstur eigandi að viðkomandi fasteign, um sé að ræða íbúðarhúsnæði, viðkomandi búi í eigninni og eigi þar lögheimili. Ekki er heimilt að veita lækkun ef íbúð viðkomandi er leigð öðrum. Eingöngu er veittur afsláttur af gjöldum af einni íbúð í eigu sama aðila.

Hjá hjónum og fólki í skráðri sambúð nægir að annar aðilinn sé ellilífeyrisþegi eða öryrki, til þess að afsláttur sé viðurkenndur.

Falli annað hjóna/sambýlisaðila frá á eftirlifandi rétt á að njóta hjóna/sambúðarafsláttar út álagningarárið.

Við ákvörðun um lækkun fasteignaskatts er miðað við tekjur skv. tekju-og útsvarsstofni og einnig fjármagnstekjur. Miðað er við heildartekjur skv. skattframtali ársins fyrir tekjur nýliðins árs.

Verði meira en 20% lækkun á launum afsláttarþega, á viðkomandi rétt á að fá afslátt endurreiknaðan miðað við laun síðasta árs, þegar skattframtali hefur verið skilað fyrir það ár.

